

## ÁGRIP

Tilgangur þessarar forrannsóknar var að kanna þátttöku hreyfihamlaðra unglingsstúlkna í framhaldsskólanum. Notuð var eigindleg rannsóknaraðferð til að svara spurningunum: Hvernig kemur framhaldsskólinn til móts við þarfir nemenda með hreyfihömlun og hvaða tækifæri hafa nemendur með hreyfihömlun til að taka þátt í félagslegum athöfnum innan skólans og utan? Stúlkurnar voru valdar með markvissu úrtaki og höfðu áður tekið þátt í rannsókn Snæfríðar Þóru Egilson (2005) um þátttöku nemenda með hreyfihamlanir í grunnskólum. Tekin voru fjögur viðtöl við þrjá nemendur. Þau voru afrituð orðrétt með leyfi þátttakenda og gögnin greind út frá sniðmátun (e. template analysis). Við greiningu komu fram tvö meginþemu, annað fékk heitið félagsleg þátttaka innan skólans og hitt félagsleg þátttaka utan skólans. Félagsleg þátttaka innan skólans skiptist í þrjá undirflokkka: Iðja og aðstæður, félagstengsl og samband við kennara og aðstoðarfólk. Félagsleg þátttaka utan skólans skiptist í tvo undirflokkka: Félagsleg þátttaka í frístundum og vinátta. Niðurstöðurnar sýna að þátttaka unglingsstúlkna með hreyfihamlanir í framhaldsskólum byggir á samspili ólíkra þátta sem ýmist torvela eða styðja við þátttöku þeirra. Ánægja með ástundun náms í framhaldsskóla var áberandi. Félagstengsl stúlkanna höfðu einnig aukist eftir að í framhaldsskólann kom. Rannsóknin er fyrsta skrefið í stærri rannsókn á þessum markhópi. Hún varpar ljósi á félagslega þátttöku stúlkanna þriggja og þá þætti sem skipta þær mestu í framhaldsskólanum og utan hans.

*Lykilhugtök: hreyfihömlun - eigindleg rannsóknaraðferð - þátttaka - sniðmátun - þátttakendur*